

Ágæti viðtakandi

Hér kemur umsögn sveitarstjórnar Húnaþings vestra um frumvarp til laga um fiskeldi (áhættumat erfðablöndunar, úthlutun eldissvæða, stjórnvaldssektir o.fl.), 647. mál.:

Sveitarstjórn Húnaþings vestra telur nauðsynlegt að Alþingi geri nauðsynlegar endurbætur á frumvarpi um breytingar á lögum um fiskeldi þannig að það samræmist stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar um að gætt skuli varúðar við uppbyggingu fiskeldis á Íslandi og stuðlað að sjálfbærni með vernd lífríkisins að leiðarljósi.

Í Húnaþingi vestra hafa tekjur íbúa af laxveiði og tengdri þjónustu aukist á liðnum árum og er um tekjur að ræða sem skipta verulegu máli fyrir eigendur margra jarða, ekki síst sauðfjárþændur sem mátt hafa þola miklar skerðingar á lífskjörum síðustu ár og horfa fram á mikla óvissu framundan um sína afkomu. Það er því mikið hagsmunamál fyrir samfélagið í Húnaþingi vestra að tekið sé mið af þýðingu villtra laxastofna fyrir afkomu íbúa í héraðinu þegar Alþingi tekur frumvarpið til efnislegrar umfjöllunar. Auk þess er mikilvægt að horft sé til þess að náttúran sé látin njóta vafans og þess að íslenskir laxastofnar og laxfiskar eigi sjálfstæðan rétt til að þróast áfram á sínum forsendum, en einnig svo að komandi kynslóðir geti notið þeirra. Þess má geta að frumvarpið samræmist vart markmiðsyfirlýsingu núgildandi fiskeldislaga sem felur í sér að vöxtur og viðgangur fiskeldis megi ekki gerast á kostnað viðgangs og nýtingar villtra fiskstofna.

Sveitarstjórn Húnaþings vestra telur að uppbygging fiskeldis á Íslandi þurfi að vera fyrirsjáanleg og byggja á bæði sérfræðilegri þekkingu úr nærsamfélagi viðkomandi sveitarfélaga og ráðgjöf stofnana ríkisins, svo unnt sé að ná meiri sátt um atvinnugreinina. Sveitarstjórn áréttar mikilvægi þess að gætt sé fyllstu varfærni í aukningu fiskeldis í sjó þannig að ekki verði unninn óafturkræfur skaði á þeirri sérstöðu sem Ísland hefur í okkar heimshluta vegna hinna einstöku villtu laxastofna sem styrkja búsetu og veita atvinnu í gegnum verðmætar laxveiðiár. Sérstaklega er hvatt til þess að stjórnvöld hafi það að sérstöku átaksverkefni að stuðla að uppbyggingu umhverfisvænni leiða í fiskeldi, til dæmis með lokuðum sjókvíum, landeldi og eldi á ófrjóum laxi, svo sem hvað varðar stuðning við þróunarstarf, lagasetningu og gjaldtöku.

Úr stjórnarsáttmála Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs um ríkisstjórnarsamstarf og eflingu Alþingis: „Fiskeldi er vaxandi atvinnugrein sem felur í sér tækifæri til atvinnuuppbyggingar en þarf að byggja upp með ýtrustu varúð í samræmi við ráðgjöf vísindamanna þannig að líffræðilegri fjölbreytni verði ekki ógnað. Samhliða vexti greinarinnar þarf að tryggja nauðsynlegar rannsóknir og eðlilega vöktun áhrifa á lífríkið.”

Kær kveðja,
Guðný Hrund Karlsdóttir,
sveitarstjóri



Húnaþing vestra

Hvannestangabraut 3 • 530 Hvannestangi
Sími 455 2400 • Fax 455 2409
www.hunathing.is • Kt. 540598-2829